

# Húsmæðraskóli Reykjavíkur 30 ára



Húsmæðraskóli Reykjavíkur hefur ávallt verið í fallegu, gömlu húsi við Sólvallagötu.



Fyrst þarf að sniða flikina.



Á fyrsta skólaárinu voru kökur hrærðar í höndunum.



Þessar fjórar voru að ljúka við að hreinsa utan dyra, þegar smelli var á þær mynd í stiganum í anddyrinu.



Nemendur að leggja á borð fyrir veizlu.

**HÚSMÆÐRASKÓLI** Reykjavíkur er 30 ára; var settur 7. febrúar 1942. Frá upphafi hefur skólinn verið þéttsetinn og stundum næstum ofsetinn og hefur 5341 stúlka stundað þar nám.

Það voru kvenfélögin í Reykjavík sem beittu sér fyrir stofnun skólans undir forustu Ragnildar Pétursdóttur frá Háteigi, Laufeyjar Vilhjálmsdóttur og Steinunnar Bjarnason. Var ætlunin að byrja haustið 1941, en það dróst fram yfir áramótin. Þá hafði verið keypt húsið við Sólvallagötu 12, þar sem skólinn er einn, en árið 1949 var byggð við húsið álma með eldhúsi og þvottastöðu, saumastofu og nemendaherbergi.

Einnig hafði þá verið ráðinn skólalastjóri, frú Hulda Á. Stefánsdóttir, sem kom norðan frá Þingeyrum, og stýrði skólanum þar til árið 1953, að Katrín Helgadóttir tók við. Mikil aðsókn varð strax að skólanum, því að landið var lokað vegna heimsstyrjaldarinnar og áður höfðu stúlkur mikið sótt húsmæðranám til Norðurlanda einkum til Danmerkur. Auk frú Huldu voru fyrstu kennarar skólans Ólöf Blöndal, Erna Rye, Ingibjörg Júlíusdóttir, Elísabet Jónasdóttir, Fjóra Fjeldsted, María Hallgrímsdóttir lækni, Sonja Carlson, Kristjana Pétursdóttir, Salome Gísladóttir og Kurt Zier. Fyrstu skólanefndina skipuðu Ragnhildur Pétursdóttir frá Háteigi, Guðrún Jónasson bæjarfulltrúi, Laufey Vilhjálmsdóttir, Kristín Ólafsdóttir lækni og Vigdís Steingrimsdóttir.

I tilefni af afmælinu lagði fréttamaður Morgunblaðsins í

fyrri viku leið sína vestur í Húsmæðraskóla Reykjavíkur og ræddi stuttlega við frk. Katrínu Helgadóttur skólalastjóra og snæddi með kennurunum fallegt og gott, smurt brauð, sem nemendur höfðu útbúið.

En rétt er að taka fram, að í dag, sunnudaginn 6. febrúar, verður í tilefni afmælisins tekið á móti fyrri nemendum og velunnurum Húsmæðraskólans í skólahúsinu kl. 3—6 síðdegis.

Katrín sagði, að skólinn hefði frá fyrstu tíð starfað í þremur deildum. Heimavistin er níu mánaða skóli, en auk þess eru í skólanum tvö dagskólanámskeið, sem taka þrjú mánuði og fimm mánuði, og sex fimm vikna kvöldnám skeið. Hafa því að jafnaði 180 nemendur stundað nám við skólan á hvert.

Nú er aðsókn svo mikil að kvöldnámskeiðunum, að reynt er að greiða fyrir þeim, sem ekki komust að, með því að Námsflokkar Reykjavíkur efndu til kvöldnámskeiða í Laugalækjarskóla og voru nöfn stúlkanna látnin ganga þangað, svo að hægt væri að bjóða þeim þátttöku.

— Er ekki viðhorf stúlkanna mikið að breytast til svona skóla? spyrjum við skólalastjórann.

— Jú, allt er að breytast, svarar Katrín. — Matarræði er til dæmis mikið að breytast. Konur fara nú orðið mikið út að vinna og kaupa þá fremur mat, sem auðvelt er að búa til og ekki með mikilli fyrirhöfn. Skólarnir eru í kapphlaupi við breytingarnar í þjóðfélaginu, til að geta komið til móts við sinn tíma. Í fyrstu var breytingin hægfarar og jöfn, en undanfarin ár hefur orðið stökkbreyting á öllum sviðum. Unglingarnir breytast svo mikið frá ári til árs, að maður á erfitt með að átta sig.

— Er þá ekki erfitt að stjórna skóla, þar sem eru ungar stúlkur?

— Það gengur ágætlega, og

## Framhald á bls. 23



Lært að matbúa.



Setið við vefinn.



Kennarafundur í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Talið frá vinstri: Áslaug Sigurgrímsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Jakobína Guðmundsdóttir, Jakobína Pálmadóttir og fyrir aftan hana skólalastjórinn, Katrín Helgadóttir, Dagbjört Jónsdóttir Guðrún Guðmundsdóttir og Friða Ásbjörnsdóttir.

## — Húsmæðraskólinn 30 ára

Framh. af bls. 12

kemur ákaflega sjaldan fyrir að árekstrar verði. Kennslukonurnar eru allar reyndir kennarar, sem eiga auðvelt með að blanda geði við ungu stúlkurnar. Og ég er alltaf í sátt við unglínginn. Hann er að jafnaði ærlegur og maður veit hvar maður hefur hann. Og mér þykir mjög gaman að fylgjast með unglíngum, sem vanda sig og leysa störf sín vel af hendi. Það er reglulega á-mægjulegt að leiðbeina slíkum nemendum.

Kennslukonurnar, sem Katrín talar um, eru: Dagbjört Jónsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Fríða Valgerður Ásbjörnsdóttir, Áslaug Sigurgrímsdóttir, Jakobína Pálmadóttir, Sigríður Gísladóttir og Jakobína Guðmundsdóttir. Stundakennarar eru: Sigríður Haraldsdóttir með heimilis-hagfræði, Margrét Margeirsdóttir með uppeldis- og þjóðfélagsfræði, Herta Jónsdóttir með heilsufræði, Þórunn Árnadóttir með handavinnu. Elzti starfsmaður skólans er Ingibjörg Jónsdóttir húsvörður og allra vinur gegnum árin.

Við spyrjum Katrínu hvort kennslan í Húsmæðraskólanum hafi breytt, tekið aðra stefnu á síðari árum. Hún segir að svo sé ekki, kennararnir hafi sömu kennsluskyldu, en auðvitað sé fylgt með nýjungum og breyttum áhugamálum. Til dæmis er nú lögð meiri áhersla á fatasaum en útsaum. Það sé mjög vinsælt og auk þess hagkvæmt. Ef til dæmis stúlka fer eftir þriggja mánaða námskeið heim með kápu, sem hún hefur saumað, en mundi kosta um 9 þúsund krónur í verzlun, þá hefur hún talsvert

upp í skólakostnað. En í fyrra kostaði þriggja mánaða námskeið ið 9 þúsund krónur. Og þess má geta, að í fyrra kostaði námið í heimavistinni 31 þúsund krónur yfir veturinn.

— Nú hefur borið á því að sumir telji húsmæðraskólana ekki samrýmast nútíma lífsviðhorfum. Hvað segist þér um það, fröken Katrín?

— Ég fellst ekki á það, að húsmæðraskólar séu ekki góðar og gagnlegar stofnanir, jafnt nú sem áður, svarar Katrín. — Þótt konur vinni úti í vaxandi mælli, þá þurfa þær því fremur að kunna til verka á heimilunum. Verkin skiptast að vísu á fleiri, en þær verða verkstjórar á heimilinu og allir verkstjórar þurfa að kunna nokkur skil á því, sem þeir stjórnna. Auðvitað munu piltar í

framtidinni læra þessi verk, sem vinna þarf á heimilunum. En þeim mun minni tíma, sem fólk hefur til að leysa verkin af hendi,

þeim mun meiri þörf er á að það kunni þau. Til dæmis er þá nauðsynlegt að kaupa ekki í flýtinum inn af handahófi, heldur af þekkingu og það læra stúlkurnar hér í heimilishagfræði. En nú er búið að skipa nefnd til að endurskipuleggja húsmæðraskólana og ekki vitað hvað verður þar ofan á.

— En hver verður framtíð þessa skóla, Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Er ekki áformað að reisa nýjan skóla í Reykjavík?

— Jú, Reykjavíkurborg ætlar að byggja nýjan skóla við Löngu-hlíð, og hann verður rekinn á víðari grundvelli en þessi. Ekki er þó ætlunin að hann komi í stað þessa skóla.

Það á að vera námskeiðaskóli í heimilisfræðum með fjölbættu námsefnavali, bæði fyrir stúlkur og pílta. Við létum fyrir nokkrum árum fara fram skoðanakönnun um það hvort áhugi væri á slíkum skóla. Sendar voru spurningar til 700 aðila og 50% svör-


uðu. Niðurstaðan var sú, að áhugi væri fyrir hendi. Skólanefnd Húsmæðraskóla Reykjavíkur beitti sér fyrir þessu og hefur unnið að málinu í fimm ár. Lóð er fyrir hendi í Háteigslandi, og Guðrún Jónsdóttir arkitekt, dóttir Huldu Stefánsdóttur, okkar fyrsta skólastjóra, og samstarfsmenn hennar eru að teikna þetta skólahús. Hvenær þessi skóli verður reistur veit ég ekki.

Núverandi skólanefnd Húsmæðraskóla Reykjavíkur skipa: Vigdís Steingrimsdóttir formaður en hún hefur átt sæti í skólanefndinni frá upphafi, Sigríður Briem Thorsteinsson, Anna Guðmundsdóttir, Guðný Halldórsdóttir og Guðrún Hjartar.

— Eitt af því bezta á starfsferli þessa skóla er það, að við höfum haft góða nemendur og gott starfsfólk, sem hefur sýnt skólanum hlýju og lætur sér annt um hann, sagði Katrín Helgadóttir að lokum.



Fyrstu nemendurnir í heimavist í Húsmæðraskóla Reykjavíkur veturinn 1942, ásamt kennurum og skólastjóra, Huldu Stefánsdóttur, sem er fimmta frá hægri í miðröð.



Setið og saumað.

### ÚTSALA

í fullum gangi. — Kápur frá 500,00 krónum, peysur og fleira.

ANDRÉS, kápudeild,  
Skólavörðustíg 22.

### Íbúð óskast til leigu

3ja til 4ra herbergja frá og með 1. júní. Góð fyrirframgreiðsla.

Upplýsingar í síma 37883.

Hjartans þakklæti til ástvina minna og vina, sem auðsýndu mér kærleika og virðingu með dýrmætum gjöfum og vinarkveðjum á 75 ára afmælisdegi mínum 31. jan. Ég hugsa til minna mörgu nemenda og annarra samferðarmanna, sem ég hef kynnt á lífsleiðinni, með hlýhug og þakka ógleymanlegar ánægju stundir.

Guð launi ykkur alla velvild.  
Sesselja Konráðsdóttir.

### Flugvél til sölu

Flugvél TF BAB er til sölu. Vél er af gerðinni Cessna 140, tveggja sæta.

Upplýsingar í síma 36489.

### Ung stúlka

óskar eftir einkaritarastörfum. Er vön sjálfstæðum bréfaskriftum.

Hefur unnið héraðs og erlendis við óskar bréfaskriftir og hraðritun.

Svar óskast merkt „3426“ fyrir 10. þessa mánaðar.

Innlegar þakkir sendi ég öllum þeim mörgu sem glöddu mig með heimsóknnum, gjöfum og heillaskeytum á afmælisdegi mínum 1. febr. og gerðu mér daginn ógleymanlegan. Ég bið góðan guð að blessa ykkur öll.

Systir María,  
Sjúkrahúsinu,  
Stykkishólmi.

### Rýmingarsala

BÓLSTRUÐ HÚSGÖGN. — Seljum næstu daga með miklum afslætti, svefnsofa, sófasett, staka stóla og sofa og fleira.

BÓLSTRARINN.  
Hverfisgötu 71,  
sími 15102.

### Scania Vabis vörubifreið 56

árg. 1963, til sölu. Ekin 102 þús. km. — Uppl.

í síma 52002 í dag og eftir kl. 19 næstu daga.

Hjartans þakkir færi ég börnum mínum, tengdabörnum, barnabörnum, vinunum mörgu sem glöddu mig á sjöti ára afmæli mínu með gjöfum, skeytum og blómum. Einnig starfsfólki Borgarspítalans, 7. hæð.

Guðmundur K. Gíslason,  
Framnesvegi 24.

### Fullorðin stúlka

sem hefur áhuga á ferð með Gullfossi í sumar óskar eftir ferðafélaga (konu). Hóperð kemur til greina.

Þær, sem vildu sinna þessu, leggi nöfn sín á afgreiðslu Morgunblaðsins, merkt: „Gullfoss — 3427“.

### Bridgefélagið ÁSAR í Kópavogi

Mánudaginn 7. febrúar hefst Barometer-keppnin.

Þátttaka tilkynnist Jóni Hermannssyni, Álfrólsvægi 79, sími 40346, eða Sveini A. Sæmundssyni, símar 40342 og 41260.